



**ORKUSTOFNUN**  
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

600 072  
*/os/hh/hve/hve2000/grein.t*

## Hveragerði

### Grunnvatn undir Köbum

Pórólfur H. Hafstað

Freysteinn Sigurðsson

PHH-FS-2000-20

Nóvember 2000

## Hveragerði Grunnvatn undir Kömbum

Síðast liðið sumar og allt fram til þessa dags hefur verið fylgst reglulega með ástandi grunnvatns í nokkrum rannsóknarborholum umhverfis Hveragerði. Einnig hefur verið mælt breytilegt rennsli frá lindum, sem spretta fram í bakka Varmár innan við Friðarstaði. Þetta er gert til að kanna hve mikið vatn er þarna á ferð, en einnig er þetta liður í að afmarka verndarsvæði framtíðarvatnsbóla bæjarins með frekari vissu. Þetta er í samræmi við tillögur í greinargerð þar um frá í fyrra (PHH-FS-99-08) og verklýsingu frá því í vor.

Þegar á heildina er litið hefur sumarið verið með allra þurrasta móti og það kemur sér að mörgu leyti vel þegar á að leggja mat á möguleika á frekari vatnsvinnslu á svæðinu. Vatnsborð í rannsóknarholunum hefur í stórum dráttum verið að lækka síðan mælingar hófust í sumarbyrjun. Þessi lækkun hefur þó verið með töluvert mismunandi hætti í einstökum holum. Í sumum borholunum hafa vatnsborðsbreytingarnar verið litlar, lágmarksstaða svipuð yfir sumarið og vatnsstaða jafnvel farið heldur hækkandi með haustinu. Í öðrum hefur það farið lækkandi. Það er hægt að skýra með því að þær séu í misjafnlega góðum tengslum við góðan og tryggan grunnvatnsgeymi. Það þarf svo sem ekki að koma á óvart, því rannsóknir á undanförnum árum hafa sýnt að rétt staðsetning á vinnsluholum fyrir ferskvatn skiptir höfuðmáli (FS & PHH 1993).

Aðalvatnsból Hvergerðinga er borhola á hraunbreiðunni norður af svokölluðum Hamarskrókum (BPH-11 (s=95961) boruð 1992). Áformað er að bora þar aðra vinnsluholu núna í veturn. Sú hola á fyrst og fremst að vera til vara, en einnig er þess vænst að með tilkomu hennar verði hægt að auka vatnsvinnsluna eitthvað á þessum slóðum (PHH-2000-08). Rennslismælingarnar í lindalækjunum niður við Varmá eru í og með gerðar til að komast nær um hversu mikið menn geta vænst að hægt sé að vinna af vatni upp úr svæðinu norðan við Hamarinn.

Vitað er að grunnvatnið, sem hægt er að vinna úr holum norðan við Hamarinn er þar í takmörkuðu magni. Ferskvatsþörf Hveragerðis er mikil og mun aukast þegar fram líður og að auki krefst ímynd bæjarins þess að vatnið sé gott. Því þarf að vera víst hvert leita skuli eftir meira neysluvatni þegar núverandi svæði verður fullnýtt, en það verður vonandi ekki alveg á næstunni. Helsta vatnsvonin er undir Kömbum, sunnan Hamars.

Fyrri athuganir hafa sýnt, að drjúgur grunnvatnsstraumur er niður hraunið í Kömbum og út í hraunbreiðuna í Bæjarþorpsheiðinni (FS & PHH 1993). Hins vegar hefur það ekki verið alveg fullljóst, hvar hentugast er að nema vatn úr honum. Athyglan hefur þó undanfarið beinst að svæði sunnan við Hamarinn, rétt innan við byggðina. Þar nær rannsóknarholan BPH-13 (s=95953) niður í vel vatnsgefandi jarðlag.

Þetta er svæði, sem rétt hefur þótt að nytí vatnsverndar og er með því verið að tryggja bæjarbúum öruggan aðgangang að ferskvatni með framtíðarhagsmuni í huga. Svæði þetta er á hinn bóginn alveg í byggðarjaðri og er á margan hátt ákjósanlegt til annarra nota. Því hefur verið þrýstingur á að vatnsvernd þar verði aflétt til að svo geti orðið.

Grunnvatnið sem fram streymir í hraunum við Hveragerði á sér að verulegu leyti uppruna ofan við Kambabrún. Hraunin hafa runnið frá eldstöðvum sínum ofan af Hellisheiðinni um skarð milli Núpafjalls og Ástaðafjalls. Þessi fjöll eru bæði úr þéttu bergi, sem hjálpar til við að beina grunnvatnsstraumnum enn frekar eftir lekum hraununum niður Kamba. Flest bendir til þess að hraunin hafi fyllt upp í fornán farveg Hengladalsár, eða réttara sagt einhvers sambærilegs vatnssfalls, sem þarna rann niður áður en hraunin brunnu.

Hér er fyrst og fremst um tvo hraunstrauma að ræða og skiptir hinn eldri öllu meira máli, en hann er talinn vera riflega 10 þúsund ára gamall (KS 1995). Hann hefur til að byrja með fylgt farvegi hinnar fornu Hengladalsár, fyllt hann og að lokum flætt út á láglendið beggja vegna við Hamarinn. Jarðfræðilega bendir allt til þess að aðalfarvegur þessarar Hengladalsár hafi legið niður Kamba sunnan við Hamarinn. Um það vitna meðal annars efnismikil malarlög, sem nú er mokað upp í stórum stíl norðan við Núpa. Þarna voru óseyrar áður en hraunið rann.

Könnunarholur, sem boraðar voru í hraunbreiðuna sunnan þjóðvegarins 1991 (BPH-03 og -04), sýna að þarna er hraunið þunnt og að grunnvatnshæðin í því er tölувert breytileg (FS & PHH 1993). Önnur hola ofan vegar sýnir afar tregt grunnvatnstreymi (BPH-12). Allt bendir til að meginstraum grunnvatnsins ofan af heiðinni sé að finna á tiltölulega þróngum kafla við eða rétt vestur af neðstu beygjunni á veginum upp Kamba. Þar er þess vænst að gamall farvegur hinnar fornu Hengladalsár myndi enn rennu fyrir grunnvatnið ofan af Hellisheiði. Allar kannanir á grunnvatnsstraumum í hraununum við Hveragerði benda til að vart geti verið um aðra leið að ræða.

Vatnshæðarmælingarnar í holunum nú í sumar hafa sýnt að breytingar hafa verið ákaf-lega litlar í holu BPH-12, sem er í beygjunni innanverðri. Það bendir til að hún sé mjög stutt frá vatnsmíklum og vel leiðandi jarðlöögum sem eru í góðum tengslum við mikla miðlun, þar sem ekki verður vart við skammæjar vatnsborðssveiflur vegna úrkomu. Á sama tíma og aðeins lækkaði um 35 cm í BPH-12 var lækkunin í BPH-13, sem er sunnan-undir Hamrinum um 2,4 m!


Eindregið er mælt með að reynt sé til þrautar að finna hvar aðalrennslisleið grunnvatnsins er niður hraunið í Kömbum. Finnist hún verður hægt að vinna úr henni verulega mikið vatn rétt í hæfilegri grennd við byggðina. Einnig er það kostur að verndarsvæði vatnsbóls þarna þyrfti líkast til að vera minna en það sem er nauðsynlegt er við BPH-13 í bæjar-jaðrinum. Þegar hefur verið valinn staður fyrir tvær rannsóknarholur í hraunasundinu beint vestur af beygjunni. Þarna eru um 30 m niður að vatnsborði og ef það reynist vera í vel vatnsgefandi hrauni þarf að bora 10 - 20 niður fyrir það. Nánar er vikið að þessum rannsóknarholum og þeim væntingum sem þeim tengjast í lok þessarar ritgerðar.

## Mælingar á vatnshæð í holum norðan við Hamarinn


Norðan við Hamarinn hefur verið fylgst með vatnsborði í tveim holum núna í sumar og er staðsetning þeirra sýnd á meðfylgjandi korti. Þetta eru rannsóknarholur frá 1992, BPH-09 og BPH-10, en sú fyrri nefnda er á planinu við vinnsluholuna (BPH-11). Grunnvatnshæðarmælingar í holunum nú í sumar benda til að mjög nái fylgni sé á vatnsborðbreytingum milli þeirra innbyrðis. Grunnvatnsborðið mælist í um 66 m yfir sjávarmáli í þeim báðum, eins og sést á myndum 1 og 2. Heildarbreytingin á vatnshæðinni mælist vel innan við metra og er þetta allt í mætagóðu samræmi við vatnsborðsmælingarnar, sem gerðar voru 1993, áður en vinnsluholan var tekin í notkun. Hita- og leiðnimælingar nú í sumar reyndust líka vera svipaðar eldri mælingum (FS & ÞHH 1993).

Athygli vekur, að litlu máli virðist skipta fyrir vatnsborðið í BPH-09 hvort dælt er úr vinnsluholunni, sem er þó aðeins í nokkurra metra fjarlægð, en í tvö síðustu skiptin sem mælt var, var ekki dælt vegna bilunar. Það bendir til að niðurdráttur vegna dælingarinnar sé mjög líttill og hafi ekki mikil áhrif á næsta nágrenni holunnar, þannig að óhætt ætti að vera að auka dælingu úr svæðinu. Það yrði þá helst gert með gerð nýrrar holu þarna í grenndinni, eins og til stendur að gera, frekar en að auka dælingu úr einni vinnsluholu.

Grunnvatnið hérna er aðeins minni hluti af þeim grunnvansstraum, sem flæðir eftir hraunum (og grágrýtisflákum) niður Kamba. Undan hrauninu, milli Friðarstaða og brúarinnar yfir að Gufudal eru nokkrar vatnsmiklar lindir, sem m.a. eru virkjaðar fyrir hitaveituna og einnig er þar eldra vatnsból Hvergerðinga. Fylgst hefur verið með rennslinu í sumar og ráðgert að halda því áfram um sinn. Heildarrennsli lindanna hefur mælst á bilinu 40 - 70 l/s, en búist er við að rennslið geti minnkað verulega þegar frystir fyrir alvöru.



Mynd 1. Grunnvatnsborð í BPH-09.




Mynd 2. Grunnvatnsborð í BPH-10.

## Mælingar á vatnshæð í holum sunnan við Hamarinn


Núna í sumar var reglulega mælt í fjórum holum, BPH-02, BPH-06, BPH-12 og BPH-13. Til eru vatnsborðsmælingar á tveimur þeim fyrstöldu frá árabilinu 1990 - 1993 (FS & PHH 1993), en úr hinum voru aðeins til stakar mælingar. Hita- og leiðnimælingar frá í sumar eru áþekkar eldri mælingum, en eru ekki birtar að sinni. Eins og fram kemur á myndum 3 og 4 eru vatnsborðsbreytingarnar núna í sumar harla ólíkar innbyrðis í holunum. Þetta þykir vera til marks um að holurnar séu í ólíkum tengslum við gjöful og vel vatnsleiðandi jarðlög. Hér verður aðeins minnst á holur 12 og 13 og má sjá staðsetningu þeirra á meðfylgjandi korti.

BPH-13 er undir bröttum hraunkanti í hrauninu inn af bænum og nær niður í vel leiðandi berg neðan við 40 m dýpi, undir tiltölulega þéttum setlögum. Holan virtist gefa mikil vatn þegar ofan í þessi lög var komið við borun hennar. Vatnsborðsmælingarnar í sumar sýna hraða lækkun vatnsborðsins framan af sumri og jafna og stöðuga lækkun eftir það. Þetta er útskýrt með því að grunnvatnsgeymirinn, sem holan tengist, sé tiltölulega lítill og að aðstreymi til hans hafi verið lítið á tímabilinu.

BPH-12 er í eldra hrauninu í innanverðri neðstu beygjunni á þjóðveginum. Hún nær niður í gegn um svipað set og hola 13, en undir er mun þéttara berg, sem lítið vatn gaf. Hita-mælingar sýna stígandi hita neðst í holunni og er það merki um að ekki sé þarna ferskvatns von. Hér mældust hins vegar afar litlar vatnsborðssveiflur í sumar og þykir það benda til að holan sé í tengslum við ellegar nærrí grunnvatnsgeymi með mikla miðlun og lekt, þar sem breytingar á vatnsþrystingi (grunnvatnshæð) eru litlar. Líklegast er að hér sé um fornan, hraunfylltan farveg Hengladalsár hinnar fornu, sem fyrr er á minnst og að hann sé að finna vestur af beygjunni á þjóðveginum en þó austan BPH-07, sem er í hraunjaðrinum undir Núpfjalli.



Mynd 3. Grunnvatnsborð í BPH-12.



Mynd 4. Grunnvatnsborð í BPH-13.

## Nýjar rannsóknarholur

Á meðfylgjandi korti er sýnd tillaga að staðsetningu á rannsóknarholum, þar sem vonast er til að komið verði í vel leiðandi og vel vatnsgefandi jarðlög. Gert er ráð fyrir að boraðar verði tvær holur og hafa borstaðnir verið skoðaðir og eru þeir sæmilega aðgengilegir fyrir léttstíg bortæki. Fyrri holan ætti að vera rétt vestan girðingar, sem þarna er meðfram veginum, þar sem hann beygir upp í Kamba. Nánari staðsetning seinni holunnar fer eftir því hvernig til tekst með þá fyrri, en hún yrði væntanlega um 100 m vestar. Miðað er við að bora holurnar við kantinn á yngra hrauninu til þess að ekki sé verið að potast í gegn um það að óþörfu. Holurnar ættu að vera fóðraðar með stálrörum rétt efst, en annars er vonast til að þær standi ófóðraðar; þannig gagnast þær best til mælinga.

Eftir reynslu af borun BPH-12 má hins vegar gera ráð fyrir nokkru hruni (JS 1993), einkum þegar kemur niður undir vatnsborðið, sem hér er á um 30 m dýpi. Hugsanlegt er því að nauðsynlegt verði að fóðra holurnra með stálrörum (Odexbora) niður að vatnsborði. Nauðsynlegt er að bora 10 - 20 niður fyrir vatnsborð. Ef holurnar lenda í vel vatnsgefandi hrauni eða brotabergi, eins og vonast er til, ætti að loftdæla þær í tilraunarskyni með bornum í borlokin til að fá nasasjón af því hve mikið þær gefa.

Ef þessar boranir leiða í ljós hvar aðalrennslisleið grunnvatnsins liggar þarna niðri í hrauninu, ætti að vera hægt af afmarka framtíðarvatnsbólssvæði á ákjósanlegum stað fyrir Hveragerði. Lega þess þarna í brekkurótunum gerir það að verkum að verndarsvæði verða ekki eins víðáttumikil og ef þau væru niðri á hraunbreiðunni. Svæðið liggur vel við byggðinni og sem vatnsbólssvæði virðist það ekki rekast á við aðra landnýtingu.

## Tilvitnuð rit.


Freysteinn Sigurðsson og Þórólfur H. Hafstað 1993. Hveragerði. Grunnvatn í Bæjarþorpsheiði. OS-93060/VOD-11B.

Þórólfur H. Hafstað og Freysteinn Sigurðsson 1999. Hveragerði. Verndarsvæði framtíðarvatnsbóls. PHH-FS-99-08.

Þórólfur H. Hafstað 2000. Hveragerði. Ný ferskvatnshola. PHH-2000-08.

Kristján Sæmundsson 1995. Hengill, jarðfræðikort (berggrunnur) 1:50.000. Orkustofnun, Hitaveita Reykjavíkur og Landmælingar Íslands.

Johnny Símonarson 1993. Borskýrsla fyrir BPH-12 og BPH-13. Óbirt plögg, varðveitt á Orkustofnun.



Kortgrunnur  
1: Verkfæstofan Heit og  
Verkfæstofa Suðurlands  
2 og 3: Landmælingar Íslands

## Hveragerði og nágrenni

Jarðfræði-, jarðhita- og grunnvatnskort

### Skýringar

Uppfylling
hva
Gjötkskrúður
E1
A1
G1
hvh
hea
hva
Leirkennt vatnaset
C1
J1
sgr
skh
skd
vig
vam
Kolugangur
Borhol
Hver
Kaldur hver
Lind (kalt vatn)
Malarás
Hjallabrun
Jafnháttar
Jafnþykktarlinur   laus jarðlög + hva
Jafnþoðarlinna grunnvatns

Hofundar: Kristján Sigmundsson (jaðrhlöð og jafnhlöð)  
Þórirur Hafsteð og Freystein Sigurðsson (grunnvatn)  
Útgáfendur: Víkinumbla (tölvuvinnsla og teknin).  
Kortið er unnið í landfræðilegu upplýsingakerfi  
(Arc/INFO®) Ókuðstofnunar.

JHD-JFR 8716 KS/H-H/F/S/SV

94.04.0118 T

1090009

0 0.5 km

Þetta kort var unnið fyrir Hveragerðisbae á árinu 1994 í mælirkvarða 1:5000 en hér er það prentað í 30 % af þeiri stærð.

Kortið er unnið í landfræðilegu upplýsingakerfi (Arc/Info®). Gögnin eru í tölvuskram, og er hægt að kalla á upplýsingar um þeim á margvislegan hátt og prenta út eftir óskum.

Oll jarðfræðikort Orkustofnunar eru nú unnin í þessu kerfi. Margvisleg gagnasöfn stofnunarinnar tengjast nú kerfinu.

## JARÐHITARANNSÓKNIR

landsig á Nesjavöllum, og er sigríðað í Nesjavalladalum 5 millimetrar á ári. Liklegr er talið að vinna úr jarðhitakerfinu og niðuráttur sé skýringin á þessu hæga landssigi.

- Reykjassvæðin í Mosfellsbæ: Áfram var unnið að úrvinnslu jarðfræðigagna úr borholum á svæðinu. Að innu voru unnið upp ummyndunar snið fyrir borholur á Norður-Reykjum og dregin þversnöi fyrir svæðið. Einnig voru þunnarneðar frá borholum á Suður-Reykjum flokkaðar og útgáta þunnarneðalýsinga undirbuin. Reykjassvæðin eru forn háhitasvæði og ber um myndunin glögg vitni um hita yfir 240°C. Núverandi hiti er hins vegar um og innan við 100°C. Á árinu hófst nákvæm úttekt á hita í Reykjavæðum og nágrenni þeirra. Ákváður var tekið saman og tölvuunnið voru úr berggrunnskort af kortblaði 1613 III-SV, Elliðavatn, og vatnafarskort af kortblaði 1613 III-NV, Viðey. Tölvuvinnslu jafgrunnskorts af kortblaði 1613 III-SV undir prentfilmugreð var lokið. Tölvuvinnslu voru jarðfræðiskort í þjónustu- og samvinnuvekfernum. Jarðhitadeildar af Hengilssvæði og Hveragerði.

Keyp var sjálfssandi fallmælitarkei af gerðinni Leica NA3000 og tilheyrandi stríkaðir invarkværðar (verðmiðakerfi) til að leysa það verkefni og sams konar verkefni í framtíðinni. Sumarið 1994 voru mældar hæðir á um helmingi þeirra 119 grunnsíðða, þar sem GPS-mælingar fóru fram sumarið áður, og sáum Landmælingar OS um hæðarmælingar á 30 þeirra fyrir Landmælingar Íslands.

- Korpuósar: Lokið var við skýrslu um rannsóknir á holu RV-42 við Korpusósa. Su hola var boruð á árinu 1985 til að kanna möguleika á jarðhitavinnslu á þessum slóðum. Rannsóknir hafa leitt í ljós að Korpusvæðið er í vatnafröðilegum tengslum við vinnslusvæði HR, trúlega Reykjavæðin. Talið er að hægt sé að vinna um 15 l/s af 85°C vatni úr holu RV-42.
- Hengill-Umhverfisrannsóknir: Fall-, hæðar- og byrgdarmælingar hafa verið gerðar á Hengilssvæðinu á nokkura ára fresti til að kanna breytingar á svæðinu. Á árinu 1994 var stærst hluti mælinetisins endurmaeldur, en það hafði ekki verið gert síðan 1990. Þá var einnig í fyrra sinn mælt yfir Ölkelduháls. Samkvæmt mælingnum er markttaekt

- Elliðaársverði-Almennt: Á árunum 1984-1985 var gerð úttekt á hita í Elliðaárvæðinu. Síðan hafa vinnsluholar verið endurþróðar og mælið sett í aðrar. Á árinu 1994 voru allar holur á svæðinum hitamældar með það fyrir augum að meta m.a. árangur endurföringa. Úrvinnsla mælinganna mun fara fram á árinu 1995.
- Höfuðborgarsvæði-Almennt: Á undanförnum árum hefur HR látt bora fjölmargr 100-1000 m djúpar rannsóknarholur í nágrenni við lághitavæðinu. Á árinu 1994 var bætt við 5 slikum holum. Ein þeirra var boruð í Öfrisey, en hinar holurnar eru allar í nágrenni Reykjassæðanna í Mosfellsbæ. Þessar holur hafa allar verið hæðar, og hugsanleg tengsl þeirra við lághitavæðin könnuð. Borsvarfi er safnað úr holunum á tveggja metra fresti líkt og venja er. Á árinu 1994 tekið til við að greina þetta borsvarf og voru flestar holumar sem boraðar voru á árunum 1992-93

vinnu við bergrunnskort að ljúka. Kortin eru unnið í ArcInfo upplýsingakerfinu.

- Kolviðarhóll: Gerðar voru árlegar mælingar á hita og brystingi í holu KhG-1 til eftirlits með þessum hluta Hengilssvæðisins.

- Ölkelduhállssvæðið: Rannsókn svæðisins með borunum hófst á árinu. Fyrir ársins annaðist jarðhitadeild teknilega hönnun á borholu og borverki fyrir HR. Holan var höggþorð í október, og í framhaldi af því hófst eiginleg borun seinnt í nóvember. Borverkið stóð fram á árið 1995, en um áramót var lokið við að steypa vinnsluförlingu niður á 781 m/dpi. Borverktaki var jarðboranir hf og var borinn Jötunn notaður í verkið. Jarðhitadeild annast rannsóknir og mælingar í holunni á bor-tíma og í upphafi eftir borun.

- Hengill-Umhverfisrannsóknir: Fall-, hæðar- og byrgdarmælingar hafa verið gerðar á Hengilssvæðinu á nokkura ára fresti til að kanna breytingar á svæðinu. Á árinu 1994 var stærst hluti mælinetisins endurmaeldur, en það hafði ekki verið gert síðan 1990. Þá var einnig í fyrra sinn mælt yfir Ölkelduháls. Samkvæmt mælingnum er markttaekt

- Elliðaársverði-Almennt: Á árunum 1984-1985 var gerð úttekt á hita í Elliðaárvæðinu. Síðan hafa vinnsluholar verið endurþróðar og mælið sett í aðrar. Á árinu 1994 voru allar holur á svæðinum hitamældar með það fyrir augum að meta m.a. árangur endurföringa. Úrvinnsla mælinganna mun fara fram á árinu 1995.
- Höfuðborgarsvæði-Almennt: Á undanförnum árum hefur HR látt bora fjölmargr 100-1000 m djúpar rannsóknarholur í nágrenni við lághitavæðinu. Á árinu 1994 var bætt við 5 slikum holum. Ein þeirra var boruð í Öfrisey, en hinar holurnar eru allar í nágrenni Reykjassæðanna í Mosfellsbæ. Þessar holur hafa allar verið hæðar, og hugsanleg tengsl þeirra við lághitavæðin könnuð. Borsvarfi er safnað úr holunum á tveggja metra fresti líkt og venja er. Á árinu 1994 tekið til við að greina þetta borsvarf og voru flestar holumar sem boraðar voru á árunum 1992-93

### Rannsóknir á orkulindum í Rannsókningshóll

#### Hitaveita Reykjavíkur

- Nesjavellir: Helsta verkefnið á árinu var hið venjubundna mælingaeftrit með hita og brystingi í jarðhitakerfinu. Breystingar milli ára eru hægar. Prystingar fer þó heildur lækkandi í kerfinu, en breystingarnar eru í samræmi við spár hermireikninga fyrir RÍK. Lokað var heildarsamantekit um tvö viðamikil rannsóknarverkefni. Önnur samantektin fjallar um ummyndun bergs í jarðhitakerfinu og eru þeir ályktar um þróun jarðhitans. Hitt verkefnið er lokasvæðisins. Hitt verkefnið er aðskilin um holu NJ-17. Þar eru birtar niðursíður rannsókna frá borun holur. Samþærilegar skyrslur hafa verið skrifðar um aðrar Nesjavallahöllur.

- Hengill-Almennt: Áfram var unnið að utgáfu jarðfræðikort að Hengilnum í samvinnu við Hitaveitu Reykjavíkur. Verkið hetur reynst mun umfangsmæli en ætlad var í upphafi. Staðan um áramót var sú að jarðhitakort af svæðinu var tilbúið til útgáfu og

- Ellidaársverði-Almennt: Á árunum 1984-1985 var gerð úttekt á hita í Elliðaárvæðinu. Síðan hafa vinnsluholar verið endurþróðar og mælið sett í aðrar. Á árinu 1994 voru allar holur á svæðinum hitamældar með það fyrir augum að meta m.a. árangur endurföringa. Úrvinnsla mælinganna mun fara fram á árinu 1995.
- Höfuðborgarsvæði-Almennt: Á undanförnum árum hefur HR látt bora fjölmargr 100-1000 m djúpar rannsóknarholur í nágrenni við lághitavæðinu. Á árinu 1994 var bætt við 5 slikum holum. Ein þeirra var boruð í Öfrisey, en hinar holurnar eru allar í nágrenni Reykjassæðanna í Mosfellsbæ. Þessar holur hafa allar verið hæðar, og hugsanleg tengsl þeirra við lághitavæðin könnuð. Borsvarfi er safnað úr holunum á tveggja metra fresti líkt og venja er. Á árinu 1994 tekið til við að greina þetta borsvarf og voru flestar holumar sem boraðar voru á árunum 1992-93



Könnun öskulagag við jarðfræðikortlagningu á Mývatnsvæðinu. Ljós og dökka öskulagið (ljóst eftir og dökkt neðst) í þversnöinu er 4500 ára gamalt Heklugag. Annað Hekulag um 3000 ára gamalt er á gryfjubrúnini. Takið eftir svörtu rákinni í miðju ljósas laginu. Ljós. Ólafur G. Flóvenz. Investigating ash layers in a soil profile for geological chronology.

Jöklamælingar: Nú hefur afkomu Hofsjökuls verið mæld í 7 ár og fara því að koma í ljós ýmis langtíma ein-kenni veðurfarar þar um síðir og áhrif þess á vatnafarið. Þeir þættir veðurfarar sem mestu skipta um afkomu jöklar eru úrkoman að vetrar annars vegar og hitafar að sumri hins vegar. Þessir þættir vegast á og verði verulegar sviptingar í þeim milli ára getur þáð munað miklu í afkomu jökulsins. Á þessum sjó árum hefur komið ljós að úrkoma vetrar er ekki miklu breyting um undirþorpin. Þar nemur munur milli þess mesta og minnsta helmingi (sjá stóþópari). Leysing að sumri hefur hins vegar verið mjög breyfileg og gat jökullinn frá sér fjórfalt meira vatn sumarlið 1991 en sumarið 1992. Það er því ljóst að breytingar á hitastigi hafa mun meira að segja um vatnafar jökulaða en sveiflur í úrkomu.

### Pjónustuverkefni

#### Landmælingar á Hengilssvæði:

##### Jarðfræðikortlagning höfuðborgarsvæðis:

- Haldidó var áfram jarðfræðikortlagningu höfuðborgarsvæðisins í mælikvarða 1:25.000 á vegum sveitarfélaga á svæðinu. Auk sérfreðinga óflokkaðar vinnu að henni sér- félaga frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Háskóla Íslands og fléiri. Gefin voru úr berggrunnskort af kortblaði 1613 III-SV, Elliðavatn, og vatnafarskort af kortblaði 1613 III-NV, Viðey. Tölvuvinnslu jafgrunnskorts af kortblaði 1613 III-SV undir prentfilmugreð var lokið. Tölvuvinnslu voru jarðfræðiskort í þjónustu- og samvinnuvekfernum. Jarðhitadeildar af Hengilssvæði og Hveragerði.

- Vatnamælingar: Settur var upp vatnshæðarmæli í Lagerlítju við Steinbogar. Rannsókn bessar eru unnar í samvinnu við heimamenn og fel a í sér lindamaelingar, rennslismælingar og efngreiningar. Vain úr Skattá á meginhlut í lindavatnini, en það er súlfatricht og klóríðsnautt, andistætt úrkumu á svæðinu, sem legur einnig til drjúgan hluta lindavatnsins. Því er hægt að greina uppruna vatnsins, en svo virðist sem greina megi Skattárvatninni einnig upp í bætti. Haup kom í Skattá í ágúst, sem olli breytingum síðar á vatnsmegjin, hita og efnumihaldi í lindum.

#### Jarðfræðikortlagning

- Pjórsá – Tungnaá: Gefin voru út berggrunns-, jarðgrunns- og vatnafarskort af kortblaði 1914 IV, Þjórsáver, í samvinnu Okustofnunar, Landsvirkjunar og Landmælinga Íslands.

#### Ráðstefnur innanlands

- Fjórir starfsmenn Vatnsorkudeildar fluttu erindi á alþjóðlegri ráðstefnu um aurþurð og strandbreytingar sem heldin var á Hornafirði í juní 1994. Þá toku tveir starfsmenn þátt í árlegum fundi stjórnar norrænu jarðtæknileganna sem haldin var hér á landi haustið 1994.

#### Grunnvatnarsóknir

- Kannað var grunnvatnssfar og linda-svæði í Fjallgörgöldum og nágrenni á vatnunarsvæði Austurlandsvirkjunar. Tekin var fjöldi vatnsýna til efngreiningar á fráum einkennisefnum (einkum klóríði og sulfati). Skilaði þessi aðferð hefur verið niður um ís með gulfubor á

mælisistöðum og botndýpi mælt. Gefin hefur verið út greinargerð á hverju ári þar sem dyptarkort vatnanna er sýnt og uteinknud rýmd beirra. Verkið er unnið fyrir Orkubú Vestfjarða vegna áhuga á framtíðar virkjunarmöguleikum.

### Pjónustuverkefni

#### Landmælingar á Hengilssvæði:

##### Jarðfræðikortlagning höfuðborgarsvæðis:

- Haldidó var áfram jarðfræðikortlagningu höfuðborgarsvæðisins í mælikvarða 1:25.000 á vegum sveitarfélaga á svæðinu. Auk sérfreðinga óflokkaðar vinnu að henni sér- félaga frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Háskóla Íslands og fléiri. Gefin voru úr berggrunnskort af kortblaði 1613 III-SV, Elliðavatn, og vatnafarskort af kortblaði 1613 III-NV, Viðey. Tölvuvinnslu jafgrunnskorts af kortblaði 1613 III-SV undir prentfilmugreð var lokið. Tölvuvinnslu voru jarðfræðiskort í þjónustu- og samvinnuvekfernum. Jarðhitadeildar af Hengilssvæði og Hveragerði.

- Vatnamælingar: Settur var upp vatnshæðarmæli í Lagerlítju við Steinbogar. Rannsókn bessar eru unnar í samvinnu við heimamenn og fel a í sér lindamaelingar, rennslismælingar og efngreiningar. Vain úr Skattá á meginhlut í lindavatnini, en það er súlfatricht og klóríðsnautt, andistætt úrkumu á svæðinu, sem legur einnig til drjúgan hluta lindavatnsins. Því er hægt að greina uppruna vatnsins, en svo virðist sem greina megi Skattárvatninni einnig upp í bætti. Haup kom í Skattá í ágúst, sem olli breytingum síðar á vatnsmegjin, hita og efnumihaldi í lindum.

#### Jarðfræðikortlagning

- Önnur jarðfræðikortagerð: Tölvu-unin voru jarðfræðikort sem tekin voru saman af Jarðhitadeild OS, af Hengilssvæðinu í Tunglæk, Landbroti. Hæðarmæli í Tunglæk, Landbroti. Vatnsborðsmælingar fyrir Hitaveitu og Valnusveit Suðurnesja voru með sama sniði og áður. Gefin var út skýrsla með sameinuðrihlutum mælinga síðustu ára, eining var gerð grein fyrir áhrifum landslags á mælingarnar. Áfram var rekinn vatnshæðarskynjari í Jökulsárlóni fyrir Vegagerð ríkisins ásamt því að gefin var út skýrsla um flóð þríaufla.

#### Dýptarmælingar vatna á Vestfjörðum

- Um: Síðan 1991 hafa starfsmenn Vatnunarsvæði á Vestfjörðum. Auðveldast hefur reynst að fara um svæðið á vélseðum seinni part verrar. Borað